



Ársskýrsla 2021 Menningarfulltrúi Reykjanesbæjar



Ársskýrsla 2021 Menningarfulltrúi Reykjanesbæjar

Reykjanesbær, 21. febrúar 2022

Inngangur

Í þessari ársskýrslu er að finna yfirlit yfir störf og starfsemi á vegum menningarfulltrúa Reykjanesbæjar á árinu 2021. Helstu verkefni voru viðburða- og hátíðahald í Reykjanesbæ, rekstur Duus Safnahúsa auk ýmissa reglubundinna og tilfallandi verkefna svo og utanumhald um margvísleg menningartengd mál.

Reglubundin verkefni:

- Fjárhagsáætlun
- Ársskýrsla og starfsáætlun
- Menningarsjóður
- Samningar við menningarhópa
- Samstarf menningarfulltrúa á Suðurnesjum
- Barnvænt sveitarfélag
- Fjölmening
- Styrkumsóknir
- Minjaráð Suðurnesja
- Stjórn Íslendinga og Útlendinga

Ný verkefni:

- Aðventusvellið

Önnur verkefni:

- Hughrif í bæ
- Listaskólinn

- Menning og viðburðir – rafræn viðburðadagskrá

- Skessuhellir

Hátíðir / Viðburðir

- Þrettándinn
- BAUN, barna- og ungmennahátíð
- Sjómannadagurinn
- 17.júní
- Ljósanótt
- Safnahelgi á Suðurnesjum
- Hljómlist án landamæra
- Pólsk menningaráhátíð
- Menningarverðlaun Reykjanesbæjar
- Jólin / Aðventugarðurinn /Aðventusvellið

Rekstur Duus Safnahúsa

- Starfsmannahald
- Framtíðarsýn

Lykiltölur

Ársvelta á lykllum menningarfulltrúa er kr. 71.893.989 en þar undir er rekstur menningarskrifstofu og Duus Safnahúsa, Listaskóli barna, Jól – áramót og þrettándagleði, 17. júní, hátíðir barna, önnur hátíðahöld, Ljósanótt og Skessuhellir. Hér má sjá dreifingu helstu kostnaðarliða:

Ársvelta	71.893.989 kr
Tekjur:	
Styrkir	12.300.000 kr
Aðrar tekjur	2.822.213 kr
Framlag Reykjanesbæjar	56.771.176 kr
Helstu kostnaðarliðir:	
Laun og launatengd gjöld	40.982.575 kr
Húsnæðis- og annar kostnaður	15.947.103 kr
Hátíðahöld	14.964.311 kr

Efnisyfirlit

1.	Menningarskrifstofa	6
1.1	Hlutverk og markmið	6
1.2	Reglubundin verkefni	7
1.2.1	Fjárhagsáætlunargerð	7
1.2.2	Ársskýrslur og starfsáætlanir	7
1.2.3	Menningarsjóður	8
1.2.4	Samningar við menningarhópa	8
1.2.5	Menningarfulltrúar Suðurnesja	8
1.2.6	Barnvænt sveitarfélag	8
1.2.7	Fjölmening	8
1.2.8	Styrkumsóknir	8
1.2.9	Minjaráð	9
1.2.10	Stjórn Íslendinga og Útlendinga	9
2	Ný verkefni á árinu	9
2.1	Aðventusvellið	9
3	Önnur verkefni	10
3.1	Skapandi sumarstörf / Hughrif í bæ	10
3.2	Aðventugarðurinn	11
3.3	Listaskólinn	12
3.4	Skessuhellir	12
3.5	Menning og viðburðir	13
4	Reglubundnir viðburðir/hátíðir	13
4.1	Prettándinn	13
4.2	BAUN, barna- og ungmennahátíð	13

4.3	Sjómannadagurinn	14
4.4	17. júní.....	15
4.5	Ljósanótt.....	16
4.6	Safnahelgi á Suðurnesjum	16
4.7	Hljómlist án landamæra	16
4.8	Pólsk menningarhátíð.....	16
4.9	Menningarverðlaun Reykjanesbæjar	17
4.10	Jólin.....	17
5	Duus Safnahús	17
5.1	Safnfræðsla.....	18
5.2	Framtíðarsýn Duus Safnahúsa.....	19
6	Lokaorð.....	19

1. Menningarskrifstofa

Megin verkefni menningarfulltrúa er yfirumsjón með reglubundnu viðburða- og hátíðahaldi í Reykjanesbæ auk þess sem rekstur Duus Safnahúsa er á hans forræði. Menningarfulltrúi vinnur einnig að almennri uppbyggingu menningarmála í Reykjanesbæ í samræmi við stefnu og markmið bæjaryfirvalda. Menningarfulltrúi vinnur þannig að menningarmálum almennt í sveitarfélaginu og er í góðum samskiptum við allar menningarstofnanir Reykjanesbæjar auk þess að vera tengiliður við starfandi menningarhópa og félög og þá einstaklinga sem vinna að menningarmálum í sveitarfélaginu. Þá er menningarfulltrúi í góðum samskiptum við menningar- og atvinnuráð og leggur sig fram við að veita góðar upplýsingar til þeirra um þróun menningarmála í sveitarfélaginu.

1.1 Hlutverk og markmið


Í september var boðið upp á námskeið fyrir stjórnendur Súlunnur frá Franklin Covey sem hafði að markmiði að aðstoða okkur við að skilgreina framtíðarsýn og tilgang starfsemi okkar og setja henni markmið. Hér er skilgreining menningarfulltrúa á megintilgangi starfseminnar:

- Að **gleðja** íbúa Reykjanesbæjar og gesti hans með því að standa fyrir **menningarviðburðum** og **-dagskrá** árið um kring sem er svo **eftirsótt** að íbúar höfuðborgarsvæðisins telja það **heimsóknarinnar virði** að heimsækja bæinn til að njóta þeirra og skapa þeim **tilbreytingu** frá hversdagslegu amstri, veita þeim **innblástur** og **lífsfyllingu**.
- Með starfseminni styðjum við sveitarfélagið okkar til að auka **lífsgæði** og **velliðan** íbúa og gesta um leið og við veitum þeim tækifæri til að **næra hæfileika** sína með **þátttöku** í henni. Þannig gerum við Reykjanesbæ að stað þar sem er **eftirsóknarvert** að búa, starfa og heimsækja og stuðlum þannig að **virðissköpun** fyrir íbúa og gesti.

Þá voru einnig unnin drög að framtíðarsýn starfsemi menningarfulltrúa:

- Að í Reykjanesbæ sé **gaman** að búa m.a. vegna þess að þar er suðupottur fjölbreyttrar menningardagskrár, viðburða og hátíða sem höfða til sem flestra íbúa og gesta óháð stétt, stöðu, aldri eða uppruna.
- Að í Reykjanesbæ sé skapaður grundvöllur til **virkari þátttöku** í viðburðahaldi m.a. með **úthlutun styrkja** til fjölbreyttra verkefna.
- Að haldið verði áfram að þróa þau verkefni sem þykja þess virði t.d. BAUN, Aðventugarður, Ljósanótt, 17.júní, List án landamæra, Safnahelgi á Suðurnesjum.
- Að menningarlíf í Reykjanesbæ stuðli að aukinni **velliðan** og **bættum** lífsgæðum allra.

Þá var einnig búin til áhrifakeðja fyrir starfsemina:



1.2 Reglubundin verkefni

Menningarfulltrúi sinnir ýmsum reglubundnum verkefnum öðrum en viðburðahaldi og rekstri Duus Safnahúsa og verða þau helstu talin hér upp.

1.2.1 Fjárhagsáætlunargerð

Árlega vinnur menningarfulltrúi að gerð fjárhagsáætlunar fyrir þau verkefni sem eru á hans forræði og hann ber ábyrgð á að skila réttu megin við núllið. Þetta eru rekstrarlyklarnir skrifstofa menningarmála, Duus Safnahús, Listaskóli barna, jóla, áramót og þrettándagaleði, 17.júní, hátíðir barna, önnur hátíðahöld, Ljósanótt og Skessuhellir.

1.2.2 Ársskýrslur og starfsáætlanir

Í desember 2021 var starfsáætlun fyrir árið 2022 unnin þar sem megin áherslur eru lagðar á að viðhalda, þróa og betrubæta þau verkefni sem þegar eru á könnu menningarfulltrúa. Sú starfsemi tekur mið af framtíðarsýn Reykjanesbæjar, menningarstefnu Reykjanesbæjar og framtíðarsýn Duus Safnahúsa.

Í janúar 2021 var ársskýrsla menningarfulltrúa unnin og í byrjun febrúar var ársskýrsla Duus Safnahúsa unnin í samvinnu við starfsfólk húsanna.

1.2.3 Menningarsjóður

Í janúar var menningarfulltrúa falið að auglýsa umsóknir um menningarstyrki lausa til umsóknar. Var það gert með fréttum og auglýsingum á miðlum Reykjanesbæjar og Víkurfrétta auk þess sem bréf voru send á öll menningarfélög sem þegar voru með samninga í gangi og þau beðin að endurnýja umsóknir og senda inn skýrslu um starfsemi ársins. Menningarfulltrúi tók saman og vann úr gögnum fyrir ráðið. Samtals var 23 styrkjum úthlutað. Tólf þjónustusamningar voru endurnýjaðir og ellefu verkefni hlutu styrk. Líkt og á árinu 2020 tókst ekki öllum styrkþegum að framkvæma verkefni sín og nýta styrkinn vegna Covid 19. Menningar- og atvinnuráð veitti þá heimild til að nýta það fjármagn sem að öðrum kosti félli niður af þessum sökum, til verkefna tengdum Aðventugarðinum.

1.2.4 Samningar við menningarhópa

Í framhaldi af úthlutunum úr menningarsjóði sér menningarfulltrúi um gerð þjónustusamninga við menningarhópa en í þeim felst að menningarhóparnir fá greitt ákveðið fjármagn úr sjóðnum gegn ýmis konar veittri þjónustu svo sem þátttöku í viðburðum á vegum Reykjanesbæjar, námskeiðahaldi eða öðru slíku. Á síðasta ári voru slíkir samningar gerðir við tólf starfandi menningarhópa. Starfsemi menningarhópanna hefur ekki farið varhluta af heimsfaraldrinum og hjá flestum þeirra hefur starfsemi verið töluvert minni en í venjulegu árferði. Menningar- og atvinnuráð tók þá ákvörðun að lækka tímabundið framlag til flestra hópa í takt við minnkaða starfsemi og þjónustu á þessum Covid tímum.

1.2.5 Menningarfulltrúar Suðurnesja

Menningarfulltrúi situr samráðsfundi með menningarfulltrúum á Suðurnesjum en á meðal samstarfsverkefna er Safnahelgi á Suðurnesjum sem venjulega er haldin í mars en var haldin með góðum árangri helgina 16.-17. október.

1.2.6 Barnvænt sveitarfélag

Menningarfulltrúi situr einnig í stýrihópi verkefnisins Barnvænt sveitarfélag sem hefur að markmiði að innleiða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt starf á vegum Reykjanesbæjar.

1.2.7 Fjölmening

Menningarfulltrúi hefur einnig átt gott samstarf við verkefnastjóra fjölmeningar og hefur unnið með honum að verkefnum eins og t.d. Pólskri menningarhátíð.

1.2.8 Styrkumsóknir

Einn af föstu liðum ársins er að skrifa styrkumsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja. Að þessu sinni sótti menningarfulltrúi um styrk til verkefnisins Barnamenning sem er hátíð fyrir og með börnum í maí. Milljón króna styrkur hlaut í verkefnið Barnamenning. Undir venjulegum kringumstæðum hefði einnig

verið sótt um styrk í verkefnið Hljómlist án landamæra í samstarfi við hin sveitarfélögin á Suðurnesjum en þar sem fresta þurfti þeim viðburði á árinu 2021 fékkst viljrði til að flytja styrkinn á milli ára.

1.2.9 Minjaráð

Menningarfulltrúi er varamaður í Minjaráði Reykjanes og er skipaður af Sambandi Sveitarfélaga á Suðurnesjum. Þar eru haldnir um tveir fundir á ári um ýmis málefni sem tengjast varðveislu minja á svæðinu.

1.2.10 Stjórn Íslendings og Útlendings

Menningarfulltrúi sat frá 2014 í stjórn einkahlutafélaganna Íslendings og Útlendings sem saman ráku Víkingaheima. Á árinu var gengið frá yfirtöku leigutaka á Víkingaheimum og þar með lauk stjórnarsetunni. Töluverð vinna fylgdi yfirtökunni í upphafi árs.

2 Ný verkefni á árinu

Eitt nýtt verkefni leit dagsins ljós á árinu og verður stuttleg grein gerð fyrir því hér.

2.1 Aðventusvellið

Í tengslum við verkefnið Aðventugarðinn, sem sett var á laggirnar fyrir jólin 2020, kviknaði sú hugmynd að frábær viðbót væri að koma upp skautasvelli í garðinum sem myndi auðga bæjarlífið og auka samverustundir, útiveru og hreyfingu barna og fjölskyldna í sveitarfélaginu, sem er í takt við markmiðin sem stefna Reykjanesbæjar setur fram um að auka vellíðan íbúa og setja börnin í fyrsta sæti. Í hugmyndasöfnun sem fór fram á íbúavefnum Betri Reykjanesbær á árinu kom tillaga um að gera skrudgarðinn að ævintýrlegu leiksvæði og fékk sú hugmynd einna mest fylgi. Vinna var því lögð í að kanna hvort ekki mætti sameina þessar tvær hugmyndir. Erindi þess efnis var lagt fyrir framtíðarnefnd sem samþykkti að kostnaður vegna kaupa á búnaði fyrir skautasvell yrði tekinn af fjárveitingu vegna hugmyndasöfnunar á Betri Reykjanesbæ. Menningarfulltrúa og aðstoðarmanni bæjarstjóra var falið að vinna málið áfram.

Nokkrar tafir urðu á afhendingu svellsins þar sem Covid setti strik í gámaflutninga. Svellið komst þó upp fyrir jól og var formlega opnað þann 18. desember. Umhverfissvið Reykjanesbæjar tók það verkefni föstum tókum að undirbúa undirlag fyrir svellið og fá verktaka til að koma svellinu upp. Eru þeim færðar sérstakar þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag og aðkomu að verkefninu. Skautasvellið er 200 fermetrar að stærð og er umhverfisvænt þar sem það þarfnast hvorki raforku né vatns. Það samanstendur af sérhönnuðum plötum sem hafa sömu eiginleika og venjulegur ís og þá er einnig minni slyshætta þar sem plöturnar gefa aðeins eftir ólíkt hefðbundnum ís.

Auglýst var eftir rekstraraðilum og úr varð að Orkusetrið ehf. tók að sér reksturinn og var samningur gerður til 31. mars 2022. Samstarfið við rekstraraðila hefur gengið vel og munu þeir skila skýrslu um reksturinn í lok tímabilsins.



3 Önnur verkefni

3.1 Skapandi sumarstörf / Hughrif í bæ


Árið 2020 fékkst heimild til að nýta styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem veittur hafði verið 2019 í kjölfar aukins atvinnuleysis á Suðurnesjum og átti að stuðla að virkni ungs fólks með einhverjum hætti. Óskað var eftir ungu fólki á Suðurnesjum til að taka þátt í verkefninu Skapandi sumarstörf. Samkulag náðist við Vinnuskóla Reykjanesbæjar um að hann stæði straum af launakostnaði en styrkurinn sem var í kringum 4 milljónir yrði nýttur beint í þágu verkefnisins sjálfs. Vinnuaðstaða hópsins var í SBK húsinu í Gróf og var það frábær vettvangur fyrir þetta verkefni. Auglýst var eftir tveimur verkefnastjórum og fimmtán ungmenni ráðin inn í hópinn til tveggja mánaða. Hópurinn tók sér nafnið Hughrif í bæ og það má með sanni segja að þeim hafi tekist ætlunarverk sitt því verkefni þeirra vöktu mikla athygli og fólk hrósaði þeim óspart á samfélagsmiðlum enda lögðu þau mikið upp úr rafrænni miðlun á vinnu sinni sem gerði hana afar sýnilega.

Þar sem svo vel hafði tekist til árið 2020 voru möguleikar kannaðir á því að halda úti verkefninu annað árið í röð og fékkst vilyrði fyrir því að kostnaður við verkefnið yrði greiddur af lyklum menningarfulltrúa þótt verkefnið væri ekki á fjárhagsáætlun en launakostnaður greiddur í gegnum námsmannauurræði. Sömu verkefnastjórar voru fengnir til verkefnisins og áður sem stýrðu 16 manna hópi ungmenna. Verkefnið gekk nokkuð vel fyrir sig og voru það samtals sautján verkefni sem hópurinn skilaði af sér og veittu litum og gleði í bæinn. Verkefnið hlaut umhverfisviðurkenningu frá Reykjanesbæ fyrir að glæða bæinn lífi á skemmtilegan hátt. Óvíst er um framhald verkefnisins þar sem það er ekki á fjárhagsáætlun. Menningarfulltrúi vill þó ítreka mikilvægi verkefnis eins og þessa og hvetur til þess að slíkt verkefni verði tengt Vinnuskóla Reykjanesbæjar.



3.2 Aðventugarðurinn

Aðventugarðurinn leit ljós í annað sinn á liðnu ári. Verkefnið skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta lagi lýsing á svæðinu, í öðru lagi markaðstorg fyrir söluaðila, í þriðja lagi skemmtidagskrá á torginu og svo nýjasta viðbótin skautasvell í Skrúðgarðinum. Heilt yfir tókst mjög vel til með verkefnið. Opnunardögum var fjölgað um helming frá fyrra ári en opnað var fyrstu helgina í desember og opið var bæði laugardaga og sunnudaga auk Þorláksmessu. Margir lögðu hönd á plóg við að skapa skemmtilega stemningu. Hátt í 40 aðilar sóttu um að fá að selja margs konar varning í sölukofum og þrettán ólíkir aðilar/hópar stigu á stökk eða komu fram með fjölbreytt skemmtiatriði. Leikskólar bæjarins settu einnig svip á garðinn með sérstökum leikskólalundi og Húsasmiðjan í Reykjanesbæ og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis styrktu verkefnið með beinum hætti. Enn þjuggum við þó við samkomutakmarkanir sem höfðu þær afleiðingar að ekki var um auglýsta tímasetta dagskrá í garðinum heldur spruttu viðburðir upp af og til. Halla Karen Guðjónsdóttir viðburðastjóri var fengin til að sjá um skipulagningu dagskrár og daglegan rekstur í Aðventugarðinum. Nú hefur verkefnið verið keyrt tvisvar sinnum og í því felast ýmsir skemmtilegir möguleikar. Það sem er mikilvægt framfaraskref er að fá fleiri að verkefninu og að það verði unnið þvert á svið líkt og aðrir stærri viðburðir á vegum Reykjanesbæjar svo sem Ljósanótt. Sérstök skýrsla verður unnin um Aðventugarðinn og er vísað í hana um frekari upplýsingar.



3.3 Listaskólinn

Menningarfulltrúi hefur haldið úti sumarnámskeiði fyrir börn undir merkjum Listaskóla barna um langt skeið. Námskeiðin eru rekin í samstarfi við Félag myndlistarmanna á Suðurnesjum og Leikfélag keflavíkur en félögin lána aðstöðu sína undir námskeiðin. Námskeiðið er sívinsælt og komast færri að en vilja. Síðustu ár hefur Halla Karen Guðjónsdóttir tekið að sér daglega starfsemi skólans við góðan orðstír. Í fyrsta sinn voru haldin fjögur námskeið, tvö í júní og tvö í ágúst. Samtals sóttu námskeiðin 117 börn fædd 2008 -2014. Til aðstoðar á námskeiðunum voru starfsmenn úr námsmannátaki sem tóku að sér hlutverk leiðbeinenda auk nemenda úr Vinnuskóla Reykjanesbæjar sem voru ýmist í hlutverki leiðbeinenda eða svokallaðra leiðtoga sem eru aðstoðarmenn á námskeiðinu, samtals 15 manns. Markmiðið með námskeiðunum er að skapa þægilegt og gott andrúmsloft þar sem sköpunargáfan fær að njóta sín og er það mat þeirra sem að námskeiðunum koma að það hafi tekist mjög vel.

Halla Karen skilaði sérstakri skýrslu um verkefnið.



3.4 Skessuhellir

Á árinu varð vart við nokkurt grjóthrun úr hellisveggjum í Skessuhelli. Meistarahús voru fengin til að klæða veggina með nót til að tryggja að grjót falli ekki á gesti hellisins. Norðanbálmenn, höfundar Skessunnar, voru fengnir til að búa til þar af Skessuskóm sem komið var fyrir í hellinum og börn geta klifrað ofan í. Þeir smíðuðu einnig stóran sólstól sem komið verður fyrir fyrir utan hellinn á vormánuðum. Myndavélakerfi var lagfært í hellinum og nú berast upplýsingar vandræðalaust yfir í Duus Safnahús og sama er að segja um upplýsingar frá teljara í hellinum. Gestir í skessuhelli voru 32.438 árið 2021 (32.352 árið 2020). Skessuhellirinn var lokaður 1. – 26. mars vegna jarðhræringa á Reykjaneskaganum.



3.5 Menning og viðburðir

Í nóvember 2020 var fyrsta rafræna „fréttabréf“ menningarstofnana Reykjaneshæjar sent út á póstlista með starfsmönnum Reykjaneshæjar þar sem viðburðadagskrá mánaðarins í Bókasafni, Byggðasafni, Duushúsum, Listasafni, Rokksafni og á vegum menningarfulltrúa er birt með stuttum texta, mynd og vefslóð sem beinir fólki beint á nánari upplýsingar um viðburðinn. Forritið sem notast er við í þessum tilgangi er Mailchimp. Síðan þá hefur viðburðadagskráin komið út mánaðarlega. Verkefni síðasta árs var að fjölga fylgjendum með markaðsátaki á samfélagsmiðlum og voru þeir um 1.200 í lok árs. Á árinu færðist uppsetning og útgáfa bréfsins frá Gunnari Víði verkefnastjóra markaðsmála yfir á Rögnu Dögg safnfulltrúa Duus Safnahúsa. Enn er verk að vinna við söfnun áskrifenda og að leysa nokkur tæknileg mál í tengslum við Mailchimp.

4 Reglubundnir viðburðir/hátíðir

Stór hluti af starfi menningarfulltrúa felst í að sinna viðburða-/hátíðahaldi á vegum Reykjaneshæjar en er þá átt við viðburði tengda almennum hátíðisdögum svo sem eins og 17.júní, þrettánda og jólum en einnig sérstaka viðburði sem eru orðnir hluti af menningardagskrá Reykjaneshæjar svo sem eins og Ljósanótt, Baun, safnahelgi á Suðurnesjum og fleira í þeim dúr. Hér verður rennt í stuttu máli yfir viðburði síðasta árs sem, eins og margt á árinu 2021, þurfti að aðlaga að sóttvarnartakmörkunum.

4.1 Prettándinn

Prettándaskemmtun fór fram í skjóli samkomutakmarkana. Brugðið var á það ráð að halda bílaútlarpstónleika með Ingó Veðurguð sem lauk með glæsilegri flugeldasýningu. Fór þetta fram við íþróttavallarhúsið í Njarðvík og skotið var upp við Njarðvíkurskóga. Þetta heppnaði einstaklega vel og mátti sjá mikinn bílafjölda raða sér eftir Reykjaneshæbraut og í kringum íþróttavöllinn í Njarðvík.



Prettándinn
Flugeldasýning og útlarpstónleikar

Við kvæðjum jólin og árið 2020 með glæsilegri flugeldasýningu og stórskemmtilegum bílaútlarpstónleikum með Ingó Veðurguði.

Bílaútlarpstónleikar kl. 19:15
Flugeldasýning kl. 20:00

Nánari upplýsingar hér [➤](#)

REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

4.2 BAUN, barna- og ungmennahátíð

Vegna samkomutakmarkana þurfti að finna nýjar lausnir varðandi Barna- og ungmennahátíð en venjan fram til þessa var að halda Listahátíð barna í Duus Safnahúsum, Hæfileikahátíð grunnskólanna í Stapa

og svo einn stóran fjölskyldudag með smíðjum, leiktækjum o.fl. Við töldum ekki ráðlegt að halda slíkan fjölskyldudag og veltum fyrir okkur nýjum lausnum.

Í samvinnu við grafíska hönnuðinn Davíð Örn Óskarsson varð BAUNin til. Við leituðum til hans með hugmynd um að hanna e.k. vegabréf sem afhent yrði börnum í 1.-7.bekk með margs konar fjölbreyttum þrautum í fyrir þau og fjölskyldur að leysa. Davíð átti hugmyndina að því að kalla bréfið BAUNabréf þar sem BAUN stæði fyrir barn annars vegar og ungmenni hins vegar. Þannig kom það til að barna- og ungmennahátíðin fékk yfirskriftina BAUN sem hefur einnig táknræna merkingu þar sem baunir eru auðvitað fræ sem með góðri næringu og atlæti blómstra og breiða úr sér. Þannig er barna- og ungmennahátíð frjósamur jarðvegur fyrir börnin okkar og gefur þeim tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra.


Skemmst er frá að segja að BAUNabréfið sló í gegn og bærinn iðaði af börnum og fjölskyldum að leysa alls kyns skemmtilegar þrautir í Baunabréfinu. Samtals voru 10 þrautir í bréfinu auk nokkurra sérstakra viðburða svo sem Skessuskokki, vígslu fjallahjólbrautar og vatnsrennibrautar, bakað í beinni með Fjólu tröllastelpu og Grýlu o.s.frv.

Listahátíð barna með þátttöku allra leik og grunnskóla og listnámsbrautar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var á sínum stað í Duus Safnahúsum en opunarhátíð var sleppt. Mikill áhugi var á sýningunum og yfir 3.300 gestir heimsóttu húsin á meðan á sýningunum stóð.

Hæfileikahátíð grunnskólanna var einnig á sínum stað en í stað þess að vera með alla nemendur úr 5. og 6. bekk í Stapasal var atriðum streymt í alla grunnskólana og tókst það virkilega vel.

Menningarfulltrúi er verkefnastjóri hátíðarinnar en Halla Karen Guðjónsdóttir viðburðastjóri hefur verið ráðin til að vinna að hátíðinni með menningarfulltrúa. Þá var fyrir tveimur árum stofnaður sérstakur stýrihópur um hátíðina sem var gott framfaraskref en í honum sitja fulltrúar frá umhverfissviði, íþrótt- og tómstundasviði, fræðslusviði og velferðarsviði.

Sérstök skýrsla liggur fyrir um BAUNina.



4.3 Sjómannadagurinn

Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur með dagskrá í Duus Safnahúsum, menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar. Dagskráin er unnin í samstarfi nokkurra aðila og hefst með sjómannamessu sem haldin er til skiptis á vegum Keflavíkurkirkju og Njarðvíkurkirkju. Í þetta sinn var

hún á vegum Keflavíkurkirkju. Í lok dagskrár er lagður krans við minnismerki sjómanna við Hafnargötu fyrir tilstilli Vísis, félags skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Vélstjórafélags Suðurnesja og Verkalýðs- og sjómannafélags Suðurnesja.

4.4 17. júní

Enn á ný kölluðu sóttvarnaraðgerðir á breytta nálgun á hátíðarhöld ársins. Í skróðgarði fór þó fram hefðbundin hátíðardagskrá og frá henni sáu Víkurfréttir um að streyma á Facebook. Við upphaf undirbúnings voru fjöldatakmörk 150 manns og var unnið út frá því. Þann 15. júní var samkomutakmörkunum þó breytt í 300 manns en það hafði engin áhrif á dagskrá og skipulag.

Fánahyllir var Óskar Ívarsson starfsmaður Umhverfismiðstöðvar.

Setningarræðu flutti Guðbrandur Einarsson forseti bæjarstjórnar.

Ræða dagsins var í höndum Ingvars Eyfjörð framkvæmdastjóra Aðaltorgs.

Fjallkona var María Tinna Hauksdóttir nýstúdent sem flutti ljóðið Ísland eftir Jóhannes úr Kötlum.

Til þess að hátíðardagskrá og skemmtidagskrá myndu ekki renna saman var ákveðið að hafa hátíðardagskrána kl. 11 í stað þess að hafa hana kl. 14 líkt og áður. Engin skróðganga var farin í ár vegna samkomutakmarkana.

Hátíðarguðþjónusta var í Ytri-Njarðvíkurkirkju en hún var á hefðbundnum tíma kl. 12:30 og var því á eftir hátíðardagskránni.

Fjármagn leyfði að skemmtidagskrá yrði haldin á fjórum stöðum í bæjarfélaginu sem valdir voru með tilliti til íbúafjölda. Staðsetningarnar sem voru ákveðnar voru; Við leikskólann Holt í Innri-Njarðvík, í skróðgarðinum Ytri-Njarðvík, við Heiðarskóla í Keflavík og í skróðgarðinum í Keflavík. Staðirnir voru ákveðnir í samstarfi við Umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar sem sá um að koma öllum búnaði á staðinn og Rafkompaní sem sá um að koma rafmagni á staðina.

Hefðbundin skemmtidagskrá hefur alla jafna staðið yfir frá kl. 14:20-16:00 en ákveðið var að hafa hana frá kl. 13-16 til þess að dreifa fólki betur yfir lengri tíma. Ákveðið var að leita til menningar-, tómstunda- og íþróttafélaga í Reykjanesbæ til þess að sjá um hvern stað fyrir sig.

Þessu til viðbótar var boðið upp á sundlaugarpartý í Vatnaveröld og kvölddagskrá með pylsupartýi í Fjörheimum.

Halla Karen Guðjónsdóttir sá um viðburðastjórn og stóð sig með þryði. Hún skilaði sérstakri skýrslu um framkvæmdina.



4.5 Ljósanótt

Undirbúningur fyrir Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð hófst í febrúar. Haldnir voru sex fundir í verkefnastjórn Ljósanætur og voru drög lögð að nokkrum útfærslum á hátíðinni í ljósi ástandsins þótt mikil bjartsýni ríkti í upphafi um að hægt væri að halda hefðbundna Ljósanótt þar sem allir voru nú orðnir meira og minna bólusettil. Allt gekk samkvæmt áætlun fram á sumar en þá dró fyrir sólu þegar smit í samfélaginu ruku upp á nýjan leik. Verkefnahópurinn lagði fram nokkrar hugmyndir að útfærslum í ágúst. Þann 17. ágúst tók stýrihópur hátíðarinnar ákvörðun um að aflýsa hátíðinni og taldi rétt að gera það sem í hans valdi stæði til að koma í veg fyrir óþarfa útbreiðslu veirunnar á meðan álag var mikið á heilbrigðisstofnanir og aðra grunnþjónustu líkt og raunin var.

4.6 Safnahelgi á Suðurnesjum

Safnahelgi á Suðurnesjum er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum sem haldin var í tólfta sinn dagana 16.-17. október 2021 en vaninn er að Safnahelgin fari fram í mars. Safnahelgin er haldin árlega, uppfull af skemmtilegum uppákomum og viðburðum um allan Reykjanesskagann. Safnahelgin er samstarfsverkefni safna, setra og sýninga á Suðurnesjum sem opna dyrnar sínar fyrir íbúum og gestum svæðisins. Dagskrá helgarinnar er fjölbreytt og skemmtileg fyrir alla fjölskylduna. Menningarstofnanir Reykjanesbæjar tóku virkan þátt í dagskránni og boðið var upp á leiðsagnir, tónleika, sérstaka sýningar m.a. sýningu einkasafnara stríðsmuna í Ramma og sýningu um sögu Reykjanesvita, fjölskylduratleik o.fl. Góð þátttaka gesta var á helginni og ánægja með þetta verkefni.

Bókasafn Reykjanesbæjar: 200 gestir

Duus Safnahús: 640 gestir

Rokksafn: 770 gestir

Rammi, safnarsýning og slökkviminjasýning: 2030 gestir

4.7 Hljómlið á landamæra

Til stóð að halda Hljómlið á landamæra í október en ákvörðun tekin um að fresta viðburðinum fram til 2022 vegna Covid 19. Verkefnið sem er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum í framkvæmd Reykjanesbæjar hefur hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og fékkst samþykki fyrir því að styrkurinn yrði fluttur á milli ára.

4.8 Pólsk menningarhátíð

Agnarsmár vísir að pólskri menningarhátíð í Reykjanesbæ fór fram í byrjun nóvember. Undirbúningur undir fjórðu Pólsku menningarhátíðina miðaði að því að halda stóran viðburð í Andrews leikhúsinu á Ásbrú en ný bylgja smita kom í veg fyrir að þær áætlanir gætu orðið að veruleika. Viðburðurinn var

blásinn af með skömmum fyrirvara. Var því brugðið á það ráð að kalla „hátíðina“ í ár pólska menningardaga. Fjórheimar buðu upp á metnaðarfulla dagskrá þar sem á boðstólum voru pólskt sælgæti, matur, menning, listir, bíósýning o.fl. Bókasafnið kom fyrir ljóðum meðfram ströndinni í tengslum við þjóðhátíðardag Pólverja.

Markmið hátíðarinnar er að:

1. Stuðla að auknum jöfnuði í samfélaginu.
2. Virkja íbúa af pólskum uppruna til þátttöku í samfélaginu.
3. Vinna að jákvæðu viðhorfi í garð fólks af pólskum uppruna.

Verkefnastjóri fjölmennningar er verkefnastjóri hátíðarinnar en menningarfulltrúi hefur setið í verkefnastjórn verkefnisins.

4.9 Menningarverðlaun Reykjanesbæjar

Súlan, menningarverðlaun Reykjanesbæjar fyrir árið 2021, var afhent við hátíðlega athöfn í Duus Safnahúsum 20. nóvember. Verðlaunin eru veitt þeim sem stutt hafa vel við menningarlíf sveitarfélagsins og var þetta í tuttugasta og fimmta sinn sem Súlan var afhent. Að þessu sinni hlaut Júlíus Freyr Guðmundsson verðlaunin fyrir framlag sitt til tónlistar og leiklistar í Reykjanesbæ. Verðlaunagripurinn er silfursúla eftir listakonuna Elísabetu Ásberg. Viðburðinum var streymt á Facebooksíðu Víkurfrétta auk þess sem sjónvarp Víkurfrétta var fengið til að taka upp sérstakt viðtal við Súluhafann og birta í Suðurnesjamagasíni <https://www.vf.is/sjonvarp/julius-freyr-og-sulan-i-sudurnesjamagasini>



4.10 Jólin

Megin jólaverkefni ársins var Aðventugarðurinn sem grein var gerð fyrir í kafla 3.2 Að auki var jólastofan og jólasveinaratleikur sett upp í Duus Safnahúsum auk þess sem stutt myndbönd með jólasveini dagsins voru birt á facebooksíðu Duus Safnahúsa .

5 Duus Safnahús

Duus Safnahús eru menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar og þar eru aðal sýningarsalir Byggðasafns og Listasafns Reykjanesbæjar og þar er einnig gestastofa Reykjanes Geopark og sýning um Reykjanesjarðvang. Upplýsingamiðstöð ferðamála var starfrækt í húsunum um nokkurra ára skeið en hún var formlega niður í lok sumars. Í húsunum er einnig salur fyrir almenna menningarviðburði, fundi, fyrirlestra o.fl. Ýmsir menningarviðburðir á vegum safnanna eru á dagskrá húsanna svo sem móttaka

skólahópa, leiðsagnir, fræðsla og viðburðir tengdir sýningum hverju sinni. Einnig fara fram viðburðir á vegum hússins sjálfs t.d. tónleikar eða aðrar menningartengdar upptökur.

Heildargestafjöldi ársins var 13.630 sem er 107% aukning frá árinu 2020 en þá voru gestir 6.581. Spilar þar líklega inn í að ekki kom til lokana á síðasta ári líkt og árið á undan þegar loka þurfti Safnahúsunum tvisvar sinnum vegna heimsfaraldursins, 23. mars til og með 3. maí og svo aftur 31. október til og með 4. desember auk þess sem fjöldatakmörkanir voru í gildi lungann úr árinu og fella þurfti niður flesta hefðbundna mannmarga viðburði. Einnig kom til öflug markaðssetning hjá Reykjanesbæ sl. sumar, öflug kynning á sýningum safnanna á rafrænum miðlum, streymi margra viðburða svo sem leiðsagna um sýningar, listamannaspjalls og gjörninga auk ókeypis aðgangs í húsin frá 1. janúar til 1. september. Á árinu komu samtals 879 leikskólanemar í 60 hópum í heimsókn í húsin, grunnskólanemar voru 1.017 í 45 hópum en aðeins ein 10 nemenda heimsókn framhaldsskólanema. Samtals komu því um 1.906 nemendur í heimsókn en 2020 komu 550 nemendur í heimsókn. Listahátíð barna sóttu 1.957 börn og 1.138 fullorðnir eða samtals 3.095 gestir.

	2021	2020
Heildargestafjöldi	13.630	6.581
Innlendir gestir	11.545	5.487
Erlendir	2.085	1.094
Fjöldi innlendra hópa	21 (416 gestir)	14 (420 gestir)
Fjöldi erlendra hópa	6 (66 gestir)	2 (73 gestir)
Nemendur	1.906	550

5.1 Safnfræðsla

Þann 18. október hóf Iðunn Jónsdóttir, nýr safnfræðslufulltrúi, störf hjá Duus Safnahúsum en hún var ráðin tímabundið fyrir tilstilli 6 milljón króna styrkjar úr Barnamenningarsjóði. Menningarfulltrúi sótti um styrkinn og fékk úthlutað öðrum hæsta styrk úr sjóðnum í úthlutuninni. Í nóvember og desember hófst vinna við að setja saman safnfræðsluáætlun vorsins 2022. Fólst hún í að útbúa kynningarbækling, sem innihélt fjórar fræðsluleiðir, bæði fyrir Byggðasafn og Listasafn Reykjanesbæjar og aðrar sýningar í húsunum. Bæklingurinn var sendur út við lok árs, á alla kennara á öllum skólastigum í grunnskólum Reykjanesbæjar. Í bæklingnum voru upplýsingar um allar sýningar Duus Safnahúsa og þær fjórar fræðsluleiðir sem í boði voru þennan vetur. Rútur voru í boði á allar fræðsluleiðir, á ákveðnum dögum. Aðaláhersla allra fræðsluleiða var að skapa skemmtilega upplifun fyrir nemendur, mynda tengsl milli

nemenda og safnanna og leggja grunn að áframhaldandi safnfræðslumenningu meðal safna og grunnskóla í bæjarfélaginu.

Í lok desember, mánuði eftir að vinna hófst við að fá þessa hópa inn í hús, höfðu 157 grunnskólanemendur komið í heimsókn á Byggðasafn. Má þess geta að nemendurnir eru orðnir margfalt fleiri við miðjan febrúarmánuð 2022. Vinna við að koma nemendum á Listasafnið hófst hins vegar eftir áramót, þannig að þessa verður ekki getið hér. Sérstök ársskýrsla er unnin fyrir Duus Safnahús.



5.2 Framtíðarsýn Duus Safnahúsa

Í samstarfi við forstöðumenn Byggðasafns, Listasafns og um tíma verkefnastjóra ferðamála var unnið að framtíðarsýn fyrir Duus Safnahús sem samþykkt var í menningar- og atvinnuráði í júní og var síðan lögð fram í framtíðarnefnd og bæjarráði. Framtíðarsýnin gerði m.a. ráð fyrir að ráðist yrði í breytingar á húsnæði safnahúsanna með flutningi aðal inngangs inn í miðju húsanna þar sem nú er sýningarsalurinn Gryfjan ásamt því að lyftu yrði komið upp í Bryggjuhúsi til að stórbæta aðgengi um húsin. Á þessu ári er gert ráð fyrir 40 milljónum króna í verkefnið. Þar af fara 15 milljónir í lyftu og 25 milljónir í nýtt anddyri. Unnið er að fullnaðarhönnun með JeEs arkitektum og útfærslu verkefnisins en frumkostnaðaráætlun gerir ráð fyrir kostnaði upp ríflega 70 milljónir króna.

6 Lokaorð

Full bjartsýni héldum við inn í árið 2021 nokkuð viss um að við yrðum laus við veiruna og gætum starfað í meiri fyrirsjáanleika. Sú varð þó ekki raunin og árið einkenndist af sífelldum viðbrögðum við stöðunni hverju sinni en þó má segja að við höfum búið að reynslunni frá 2020. Þetta hefur vissulega verið lærdómsríkur tími og hægt að segja að vegna ástandsins hafi orðið ákveðin frampróun í mörgum verkefnum sem er mjög jákvætt og má þar t.d. nefna Baunina og 17.júní. Önnur verkefni hafa goldið fyrir svo sem Ljósanótt sem var aflýst annað árið í röð og sama má segja um Hljómlist án landamæra. Þrátt fyrir ástandið hafa ný verkefni einnig litið dagsins ljós og ber þar hæst Aðventugarðinn og nú skautasvellið. Full bjartsýni höldum við inn í 2022 og nú enn sannfærðari en áður um að við verðum ekki trufluð um of af veirunni.

Í stækkandi samfélagi fækkar ekki verkefnum og það er mjög brýnt að hugað sé að nauðsynlegum aðföngum sem duga til að tryggja þá niðurstöðu, áhrif og framfarir sem stefna Reykjanesbæjar kveður á um.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu í Súlunni fyrir góða og mikils metna samvinnu og óska ég okkur gjöfuls og gefandi samstarfs á nýju ári.

Reykjanesbæ, 21.febrúar 2022

Guðlaug María Lewis

menningarfulltrúi



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS